

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Smáfiskaskilja er útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka fisk eftir stærð í vörpunni, þannig að smærri fiskur skiljist lifandi úr vörpunni. Smáfiskaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef togveiðar á ákveðnum svæðum eru í skyndilökunum eða reglugerðum, sem gefnar eru út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smáfiskaskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smáfiskaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 79/1997.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. maí 2001. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju ásamt viðaukum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. apríl 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

VIÐAUKI 1

Tegund skilju - SORT-X.

Lýsing á skilju.

SORT-X skilja er gerð úr þremur stálgrindum, tveimur með a.m.k. 55 mm rimlabili og einni svokallaðri stoppgrind, sem er klædd með segldúk (PVC-dúk). Grindunum er komið fyrir í nethólki þar sem grindurnar eru saumaðar í hver á eftir annarri og koma í staðinn fyrir efra byrði nethólksins. Í nethólknum er grindunum komið fyrir aftast, þannig að framan við grindurnar er framlenging. SORT-X skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindurnar eru úr ryðfríu stáli. Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Aftasta grindin er klædd segldúk. Fremri jaðar miðgrindarinnar er festur við afturjaðar fremstu grindarinnar, og aftasta grindin síðan við miðgrindina. Við jaðra grindanna eru festar flotkúlur til að vega á móti þyngd skiljunnar í sjó. Til að tryggja að skiljan dragist klár eru keðjur frá fremra horni í aftara horn grindanna báðum megin. Á efra byrði belgsins er allt net ofan við grindurnar fjarlægð til að hleypa fiski út.

Ísetning skilju.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

| | |
|----------------|----------------|
| Fremsta grind: | 1500 x 1167 mm |
| Miðgrind: | 1200 x 1167 mm |
| Aftasta grind: | 1800 x 1167 mm |

Mesta lengd stagkeðja skal vera: efri 436 cm (2 stk.), neðri 278 cm (2 stk.). Lengd stagkeðja skal mæld frá ramma á framgrind að ramma á afturgrind.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 114 upptökur að ummáli og 39,5 síður að lengd. Lágmarksmöskvastærð, miðað við innanmál, skal vera 135 mm.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 9,5 metra langur nethólkur úr tvöföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 154 upptökur en fer niður í 114 upptökur á 41,5 síðum. Síðan kemur 20,5 síðna hluti þar sem ummálið er 114 upptökur.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

| | |
|----------------|----------------|
| Fremsta grind: | 1000 x 1167 mm |
| Miðgrind: | 750 x 1167 mm |
| Aftasta grind: | 1000 x 1167 mm |

Mesta lengd stagkeðja skal vera: efri 269,5 cm (2 stk.), neðri 170 cm (2 stk.). Lengd stagkeðja skal mæld frá ramma á framgrind að ramma á afturgrind.

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 112 upptökur að ummáli og 26 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 7,5 metra langur nethólkur úr einföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 144 upptökur en fer niður í 116 upptökur á 53,5 síðum.

VIÐAUKI 2**Tegund skilju - „Stundaglas“- (Ex-it).****Lýsing á skilju.**

Skiljan er nethólkur, sem er mjórri í miðjunni en til endanna, og er í fremri hluta hans komið fyrir tveimur trapisulöguðum grindaeiningum, sem hvor um sig er samsett úr fjórum grindum. Skammhliðar grindaeininganna snúa saman og á milli þeirra er net eða gúmmí-motta. Grindurnar, sem eru úr ryðfríu stáli, eru lásaðar saman þannig að rimlarnir liggja samsíða belg vörpunnar og er sett á þær flot til mótvægis við þyngd þeirra. Lágmarksmöskvastærð, miðað við innanmál, skal vera 135 mm í skiljuhólki.

Ísetning skilju.

Skiljunni er komið fyrir í vörpunni milli belgs og poka og framan við hana skal aftasti hluti skornabelgs („mouth“-stykki) vera í samræmi við neðangreinda lýsingu eftir því hvort um stærri eða minni gerð er að ræða.

Stærð grindar í hvorri grindaeiningu skal vera:

| | |
|------------------|--------------------|
| Fremsta grind: | 0,82-0,71 x 0,50 m |
| Fremri miðgrind: | 0,70-0,59 x 0,50 m |
| Aftari miðgrind: | 0,58-0,47 x 0,50 m |
| Aftasta grind: | 0,46-0,35 x 0,50 m |

Bil á milli rimla í grindunum skal vera a.m.k. 60 mm og á milli eininganna er net eða gúmmímotta sem er 2,12 m að lengd.

Um tvær stærðir af nethólkum er að ræða sem grindaeiningunum er komið fyrir í.

Stærri gerð.

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 122 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 122 möskvar. Lengd skiljuhólks er 7,15 m eða 45,5 síður.

Skornir eru gearar úr 45,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-4L inn að miðju um 15 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á bæði við um yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geararnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 6,5 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 42 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 20 möskvar að aftanverðu, þ.e. 2,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir.

Aftasti hluti skornabelgs („mouth“-stykki) skal vera 14,2 m langur skorið 2S-2L.

A. Sé notaður 177 mm heilmöskvi (155 mm innanmál) er stykkið 106 upptökur að framanverðu og endar í 56 upptökum að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldi í stykkinu skal vera 79,5.

B. Sé notaður 157 mm heilmöskvi (135 mm innanmál) er stykkið 120 upptökur að framanverðu og endar í 61 upptöku að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldi í stykkinu skal vera 90,5.

C. Sé notaður 150 mm heilmöskvi (135 mm innanmál) er stykkið 126 upptökur að framanverðu og endar í 64 upptökum að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldi í stykkinu skal vera 94,5.

Stykkið skal sett við belg þar sem ummálið er það sama, þ.e. þar sem sami möskvafjöldi er í belg og stykki ef um sömu möskvastærð er að ræða. Annars skal ummál strekkt nets ráða.

Minni gerð.

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 102 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 102 möskvar. Lengd skiljuhólks er 6,36 m eða 40,5 síður.

Skornir eru gearar úr 40,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-2L inn að miðju um 10 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á við um bæði yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geararnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 3 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 38 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 16 möskvar að aftanverðu, þ.e. 3,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir.

Aftasti hluti skornabelgs („mouth“-stykki) skal vera 12,8 m langur, skorið 2S-2L.

A. Sé notaður 170 mm heilmöskvi (155 mm innanmál) er stykkið 100 upptökur að framanverðu og endar í 50 upptökum að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldi í stykkinu skal vera 75,5.

B. Sé notaður 150 mm heilmöskvi (135 mm innanmál) er stykkið 110 upptökur að fram-anverðu og endar í 53 upptökum að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldinn í stykkinu skal þá vera 85,5.

Stykkið skal sett við belg þar sem ummálið er það sama, þ.e. þar sem sami möskvafjöldi er í belg og stykki, ef um sömu möskvastærð er að ræða. Annars skal ummál strekks nets ráða.

VIÐAUKI 3

Tegund skilju - SORT-V.

Lýsing á skilju.

SORT-V skilja er gerð úr einni stálgrind („einskiljakerfi“) með a.m.k. 55 mm rimlabili. Grindinni er komið fyrir í nethólki með lyftineti framan við grind og leiðarneti fyrir aftan. Framlenging er á milli belgs vörpunnar og nethólksins, þ.e. mátstykki sem skorið er að hólkn-um. SORT-V skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindin er gerð úr ryðfríu stáli og eru rimlar hennar samsíða belg vörpunnar. Til þess að vega upp á móti þyngd skiljunnar í sjó eru festar 200 mm flotkúlar (17 stk.) á efri grindarbrún og netið umhverfis.

Ísetning skilju.

Grindin er 1750 x 1234 mm að stærð. Ytri mál eru stöðluð þannig að einfalt er að skipa um grindur með mismunandi rimlabili.

Nethólkurinn sem lyftinet, grind og leiðarnet er fest í er úr tvöföldu garni (6 mm). Hann er 60 möskva langur, með yfir- og undirbyrði sem eru 52 möskvar á upptökum. Möskvastærð er 135 mm að innanmáli.

Lyftinetið framan við grind er sniðið úr 3 mm garni með hámarksmöskvastærð 60 mm og undir fremri hluta þess eru 200 mm flotkúlar (5 stk.).

Leiðarnet aftan við grindina er 2800 mm langt úr 3 mm garni með sömu möskvastærð og lyftinetið en að hámarki 60 mm.

Til þess að viðhalda sama halla á skiljunni allan togtímann eða 28°- 29° skal festa stagkeðjur við skiljuna. Stagkeðjurnar skulu ekki vera lengri en 415 cm langar og eiga að liggja frá fremri hornum grindarinnar aftur að enda hliðarleysa nethólks skiljunnar.

28. mars 2001

Nr. 279

AUGLÝSING

um ökutækjatrýggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.170 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 202 millj. kr. vegna tjóns á munum.